610. fundur

Mánudaginn 12. september 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Kristín Sigfúsdóttir, ritaði fundargerð

1. Lögð fram fundargerð 609 og var afgreiðslu frestað.

2. Tekið var fyrir erindi frá Sölufélagi Garðyrkjumanna dags. 8 september 2016 um skort á blómkáli. Ákveðið var að senda eftirfarandi tillögu til lögbundinna umsagnaraðila:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu að reglugerð sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

	Vara	**Tímabil**	**Vörumagn**	**Verðtollar**	**Magntollar**
Tollskrárnúmer.:			**kg**	**%**	**kr./kg**
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	19.09-31.12.16	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndu tímabili á blómkáli og hnöppuðu spergilkáli. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú, að framboð telst ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.